

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/832  
komudagur 11. 2. 2009

**From:** agust.geir.agustsson@for.stjr.is [mailto:agust.geir.agustsson@for.stjr.is]  
**Sent:** 11. febrúar 2009 18:17  
**To:** Selma Hafliðadóttir  
**Subject:** Svör við fsp. vegna frv. um Seðlabankann.

Sæl Seima.

Sendi þér eftirfarandi svör vegna fyrirspurna frá viðskiptanefnd:

- 1) Sú uppbygging stjórnkerfis Seðlabanka Íslands sem lögð er til í frumvarpinu og felur í sér að einn faglegur seðlabankastjóri stýri bankanum en ákvarðanir um beitingu stjórnþækkja bankans í peningamálum séu í höndum sérstakrar peningastefnunefnda er algengt fyrirkomulag í seðlabönkum annarra landa sem hafa stöðugt verðlag að markmiði. Nánari útfærsla á fyrirkomulagi slíkra peningastefnunefnda er hins vegar afar mismunandi og hefur engin ein fyrirmynd verið lögð til grundvallar í frumvarpinu. Í vinnuskýrslu AGS sem dreift var á síðasta fundi má sjá mismunandi útfærslur á þessu milli landa.
- 2) Þótt menntunarkröfur seðlabankastjóra séu ekki lögfestar í einstökum löndum virðist vera sterk hefð fyrir því að hagfræðingar séu ráðnir í slík embætti eins og glögglega má sjá þegar menntun þeirra manna sem sitja í embættum seðlabankastjóra annarra landa er skoðuð. Hér á landi virðist hins vegar ekki hafa skapast hefð fyrir því að slíkar menntunarkröfur séu gerðar við skipun í embætti bankastjóra í bankastjórn Seðlabanka Íslands. Í því ljósi kann að vera að Alþingi telji ástæðu til að takmarka vald þess ráðherra sem fer með skipunarvald í stöðuna með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu enda megi almennt ætla að þeir sem lokið hafa fullnaðarprófi í hagfræði séu taldir hæfari en aðrir, sem hafa annars konar menntun, til að sinna starfi seðlabankastjóra enda hafi þeir jafnframt víðtæka reynslu og þekkingu á peningamálum. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að ávallt þegar menntunarkröfur eru settar í lög geta þær orðið til þess að einhverjir einstaklingar sem að öðrum kosti hefðu talist hæfir einkum vegna þekkingar sinnar og reynslu eiga ekki kost á viðkomandi stöðu. Menntunarkröfur vegna ýmisa embætta og starfa eru engar að síður oft lögfestar þar sem talið er að þær auki almennt líkur á því að sá sem skipaður er sé hæfur til starfans.
- 3) Ekki er vitað til annars en að að fyrrum stjórnámálameðmenni komi til greina við skipun í embætti seðlabankastjóra í öðrum löndum með sama hætti og aðrir enda fullnæggi þeir þeim kröfum sem gerðar eru. Svo er jafnframt hér og eru ekki lagðar til breytingar í þeim efnum í frumvarpinu. Hins vegar er almennt talið ómálefnalegt og ólöglegt að leggja pólitísk sjónarmið til grundvallar við skipun í opinber embætti. Menntunar- og hæfniskröfur sem og sú skylda að auglýsa stöðu seðlabankastjóra eru til þess fallnar að draga úr hættu á því að slík sjónarmið geti orðið ráðandi við skipun í embætti seðlabankastjóra.
- 4) Einhver dæmi eru til um að eigið fé seðlabanka hafi orðið neikvætt. Nýlegt dæmi um neikvætt eigið fé seðlabanka má finna í Kosta Ríka (2003). Þá var tékkneski seðlabankinn t.d. með neikvætt eigið fé árið 2005.
- 5) Reglur um innra valdframsali innan stofnanna frá yfirmönnum til undirmanna byggja á ólögfestum venjum og hefðum í íslenskri lögfræði. Er reglunni beitt innan stjórnarráðsins og stofnana ríkisins og felur í sér að æðstu stjórnendur, s.s. ráðherrar og ráðuneytisstjórnar og forstöðumenn stofnana hafa heimild til að framselja vald sitt til undirmanna sinna. Á grundvelli reglunnar eru staðgenglar ráðuneytisstjóra í ráðuneytum settir sem og staðgenglar forstöðumanna stofnana ríkisins. Þessar reglur munu að fullu eiga við um staðgengil eða staðgengla seðlabankastjóra. Til frekari staðfestingar á þessari reglu er í frumvarpinu mælt fyrir að seðlabankastjóri skuli setja reglur um umboð starfsmanna til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði. Mun innra valdframsali innan Seðlabankans m.a. byggja á þeim reglum.

Með kveðju,  
Ágúst Geir.